



Grænfánafundur Árskógarskóla mánudaginn 10. október 2016 haldinn á gæðastund þar sem allur skólinn kom saman.

Á fundinum gerðu kennarar leik- og grunnskólastigs grein fyrir vinnu nemenda út frá þemanu um lýðheilsu:

Lýðheilsa: *Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni? Hvaða áhrif hefur lífstíll okkar á umhverfið?*

Á fundinum var farið yfir mat nemenda (sjá fundrgerðir) á þemanu en báðir hópar fylltu út gátlista um umhverfismat tengt lýðheilsu. Í ljós kom að flestir þættir eru í góðum farvegi en hins vegar nokkrir sem þarf að bæta og í framhaldi af fundinum voru ræddar leiðir til þess. Næsta skref er að setja markmið á þar til gerðu eyðublaði, hvaða aðgerðir á að fara í, hver er ábyrgur, efni/áhöld, tímarammi og svo mat.

Næsti fundur er áætlaður í nóvember og þá verða markmiðsblöðin klár.

Fundargerð ritaði Gunnþór skólastjóri